



## Fundargerð

### 20. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í atvinnu- og menningarmálanefnd Djúpavogshrepps í Sambúð, Djúpavogi, fimmtudaginn 02. júní 2020 kl. 10:00. Fundinn sátu Þorbjörg Sandholt formaður, Berglind Elva Gunnlaugsdóttir, Bergþóra Birgisdóttir og Hafliði Sævarsson. Einnig sátu Greta Mjöll Samúelsdóttir og Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir fundinn. Þorbjörg stjórnaði fundi.

Fundurinn var stöðufundur þar sem Halldóra Dröfn gerir grein fyrir verkefnum sem hún hefur sinnt sem atvinnu- og menningarmálafulltrúi í fjarveru Gretu Mjallar sem tekur við keflinu aftur eftir fæðingarorlof.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Greta Mjöll og Halldóra Dröfn fara yfir stöðuna
2. Fjallskil
3. Önnur mál

---

#### 1. Greta Mjöll og Halldóra Dröfn

Halldóra Dröfn gerði grein fyrir þeim verkefnum sem hún hefur unnið að á s.l. vikum og hvaða verkefni hafa forgang í sumar. Verkefni vegna staðbundinnar framleiðslu gengur vel og merkingar eru komnar í verslanir og veitingastaði í Djúpavogshreppi. Rúllandi Snjóbolti 13 verður haldinn 11. júlí 2020 í samræmi við gildandi samkomu takmarkanir. Markaðsetning á Djúpavogshreppi rædd og atvinnu- og menningarfulltrúa falið að fylgja því eftir.

#### 2. Fjallskil

Formanni falið að ganga frá gangnaboði og senda út fyrir 15. ágúst.

#### 3. Önnur mál

Nefndin þakkar Halldóru Dröfn gott starf og býður Gretu Mjöll velkomna aftur til starfa.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:40

Þorbjörg Sandholt var fundarritari